

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 11

Dags. 28.4.2010

Fundur í skipulags- og umhverfisnefnd haldinn í Kjarna 28.apríl 2010-04-28

Mættir voru Ásvaldur Æ. Þormóðsson, Sigurður Skúlason, Hlöðver P. Hlöðversson, Snæfríður Njálisdóttir og Hörður Þ. Benónýsson.

Farið yfir ábendingar og athugasemdir sem fram komu á kynningarfundum um aðalskipulagsdrögum sem haldin var í Stórutjarnaskóla 14. apríl. Og er þeim komið hér á framfæri til sveitarstjórnar.

Að athugað verði með fornminjar við Tjarnarhól á væntanlegum gatnamótum norðausturvegar og aðaldalsvegar eins og þau eru sett fram í aðalskipulagsdrögum.

Fyrirspurn kom fram um það hvort sveitarfélagið gæti hafnað því að teknar verði heilar jarðir úr landbúnaðarnotum á forsemndum aðalskipulags. Nefndin telur að skerpa þurfi á þeim kafla sem fjallar um vermdun lands til landbúnaðarnota.

Athugasemnd komu fram um að þær háspennulínur sem eru í aðalskipulagsdrögum og bent á að þær samræmist illa þeim áherslum sem eru í skipulaginu um náttúruvæna ferðapjónustu.

Efasemdir komu fram um að mannfjöldaspá skipulagsins væri raunsæ þar sem gert er ráð fyrir því að á skipulagstímabilinu fjölgi í sveitarfélaginu umfram landsmeðaltal.

Komið hafa fram skiptar skoðanir um þær tillögur að veglínunum á norðausturvegi 85 yfir Skjálfafljóti sem kynntar eru í aðalskipulagsdrögum. Nefndin leggur því til að þar sem veghönnun liggur ekki fyrir verði ný veglína ekki sett í aðalskipulagið að sinni. En þess getið að unnið sé að hönnun nýrrar veglína og verði hún þá tekin fyrir sem breyting á aðalskipulagi.

Kynt var tillaga af afmörkun svæða fyrir frístundabyggð og breytingu á veglínunni í landi Mela í Fj-njóskadal unnin af Búgarði dag. 28.04. 2010. Nefndin gerir ekki athugasemdir við tillöguna en bendir á að hluti svæðis og ný veglína fer yfir ræktað land.

Fleira ekki bókað og fundi slitið 17.30.